

Fundargerð

10. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2006-2008, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, laugardaginn 18. nóvember 2006, kl. 10:00.

Fundinn sátu: Arnþór Sigurðsson, formaður, Gestur Guðjónsson Gunnar Sigurðsson, Hörður Sverrisson, Stefán Jónasson, Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari og Egill Eiðsson, framkvæmdastjóri. Áslaug Ívarsdóttir boðaði forföll.

1. Fundargerð 9. fundar stjórnar lögð fram og samþykkt.

2. Fjármál.

- a) Staða fjármála. Gestur fór yfir stöðu fjármála. Óskaði eftir leyfi stjórnar til að auka yfirdrátt hjá LÍ til að greiða lausaskuldir. Samþykkt.
- b) Farið yfir stöðu varðandi styrktarsamninga vegna næsta árs.
- c) Merkisberar. Samþykkt að halda sérfund vegna Merkisberaverkefnis FRÍ mánudaginn 27. nóvember kl. 12:00.
- d) Lögð fram undirrituð drög að samningi milli FRÍ og RUV vegna útsendinga frá þremur mótum á innanhússtímabilinu, en mótin sem um ræðir eru Alþjóðlegt boðsmót FRÍ/FÍRR 20. janúar, MÍ aðalhl. 10.-11. febrúar og Bikarkeppni FRÍ 24. febrúar 2007.
- e) Uppgjör vegna Ríkisstyrks til sérsambanda 2006. Gjaldkeri og framkvæmdastjóri gangi frá uppgjörinu til ÍSÍ.

3. 60. ára afmæli FRÍ 2007.

Formaður greini frá því að fyrrverandi formenn FRÍ hafi samþykkt að sitja í undirbúningsnefnd vegna 60. ára afmælis FRÍ 16. ágúst á næsta ári. Fyrsti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður í desember.

4. Fundir, námskeið og ráðstefnur.

- a) Framkvæmdastjóri greindi frá fundi með Hermundi Sigmundssyni varðandi fræðslumál FRÍ.
- b) European Youth Forum (skýrsla). Frestað.
- c) Mótaþing EAA (skýrsla). Formaður fór yfir helstu málefni frá mótafundi EAA sem hann sótti í Varna í Búlgaríu í sl. mánuði.
- d) Norðurlandafundur Tækninefnar (skýrsla). Frestað.
- e) Mótafundur FRÍ. Lögð fram dagskrá fundarins sem fram fer kl.13 í dag. Rætt.

5. Mótamál.

- a) Lögð fram drög að mótaskrá fyrir 2007. Rætt.
- b) Úthlutun móta 2007:
 1. Innanhúss. Samþykkt að halda áfram sama kerfi varðandi innanhússmótin og verið hefur í gangi undanfarin ár.
 2. Utanhúss. Frestað.
- c) Alþjóðlegt boðsmót 20. jan. nk. Samþykkt að Hörður og framkvæmdastjóri verði fulltrúar FRÍ í undirbúningsnefnd fyrir mótið.

6. Lagt fram.

- a) Lagður fram kynningarbæklingur vegna HM í Osaka á næsta ári frá mótshaldara.
- b) Lögð fram bók frá mótshöldurum HM í Helsinki um umhverfisáhrif mótsins á sl.ári.
- c) Lögð fram mótaskrá EAA fyrir árið 2007.

7. Innsend mál.

- a) Lagt frá bréf dagsett 24.okt., frá Silju Úlfarsdóttur þar sem fram kemur að Unnur Sigurðardóttir muni annast hennar mál gagnvart ÍSÍ og FRÍ.
- b) Lagt fram bréf frá EAA, dagsett 30.okt. vegna EM innanhúss 2007.
- c) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 6.nóv., þar sem fram kemur tekjur af lóttóinu hafi minnkað nokkuð og taka verði tillit til þess í fjárhagsáætlun-um næsta árs.
- d) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 10.nóv. um formannafund ÍSÍ 24. nóv. nk. Formaður FRÍ mun sækja fundinn f.h. FRÍ.

8. Önnur mál.

- a) Uppfærsla á lögum og reglugerðum FRÍ. Rætt um mikilvægi þess að Laganefnd FRÍ vinni að uppfærslu á reglugerðum FRÍ.
- b) Rætt um innsent bréf frá Umf. Samhygð (HSK) og ósk um umsögn stjórnar vegna keppnisréttar þriggja keppenda á móti í sumar. Samþykkt að formaður svari bréfinu.

Fundi slitið kl. 12:10

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson